

REGLUGERÐ

um stofnanabjónustu fyrir aldraða.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til dvalarheimila, hjúkrunarheimila og hjúkrunarrýma á stofnunum fyrir aldraða samkvæmt 1. og 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraða.

Vistmaður nefnist í reglugerð þessari einstaklingur sem dvelur á dvalarheimili fyrir aldraða eða á hjúkrunarheimili eða í hjúkrunarrými á stofnun.

2. gr.

Með dvalarkostnaði á stofnun fyrir aldraða er átt við daggjald eins og það er ákveðið af ~~heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra~~ velferðarráðherra hverju sinni, sbr. 396. mgr. 48. gr. laga nr. 117100/19932007 um almannatryggingar.

II. KAFLI

Greiðsla dvalarkostnaðar á dvalarheimilum.

3. gr.

Til tekna skv. II. kafla reglugerðar þessarar teljast tekjur skv. II. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna og frádráttarliða skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga eða undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum. Þó skal eftirfarandi gilda við ákvörðun tekjugrundvallar:

- Tekjur umfram 98.640 kr. skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu ~~metnar~~ teljast að til 50 hundraðshlutum tekna við útreikning á vistunarframlagi skv. 21. gr., sbr. og 22. gr., laga nr. 125/1999 um málefni aldraða. Ef um hjón er að ræða skiptast tekjur skv. 1. málsl. til helminga milli hjóna við útreikning bótanna. Skiptir ekki máli hvort hjónanna er eigandi þeirra eigna sem mynda tekjurnar eða hvort um séreign eða hjúskapareign er að ræða.
- Tekjur vistmanns af atvinnu skulu hafa áhrif við útreikning á fjárhæð vistunarframlags skv. 21. gr., sbr. 22. gr., laga nr. 125/1999 um málefni aldraða. Vistmaður ~~getur valið að skal~~ hafa 300.000480.000 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning vistunarframlags. Ef um hjón er að ræða skulu atvinnutekjur vistmannsins, sbr. 1. málsl., hafa 65% vægi og atvinnutekjur maka hafa 35% vægi á árinu 2007 en frá 1. janúar 2008 skulu hlutföllin vera 75% og 25%.
- Við útreikning á fjárhæð vistunarframlags skv. 21. gr., sbr. 22. gr., laga nr. 125/1999 um málefni aldraða, skal frá 1. janúar 2008 ekki reikna með lífeyrisgreiðslum maka vistmanns úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, séreignarlífeyrissparnaði og viðbótartryggingavernd, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Á árinu 2007 skulu lífeyrisgreiðslur vistmanns hafa 80% vægi og lífeyrisgreiðslur makans 20% vægi við útreikning á fjárhæð vistunarframlags.
- Við útreikning á fjárhæð vistunarframlags skv. 21. gr., sbr. og 22. gr., laga nr. 125/1999 um málefni aldraða, skulu skal aðrar ekki tekjur reikna vistmannsins með en tekjum tilgreindar maka, eru sbr. í þó a-e-liðum þessarar málsgreinar hafa 65% vægi við ákvörðun tekjugrundvallar og aðrar tekjur maka hafa 35% vægi á árinu 2007 en frá lið 1. janúar 2008 skulu hlutföllin vera 75% og 25% mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. teljast ekki til tekna bætur frá lífeyristryggingum almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, ~~húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur~~, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, greiðslur úr séreignarlífeyrissparnaði og bætur sambærilegar greiðslur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 6468. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117100/19932007. um

almannatryggingar Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, að ósk vistmanns, að dreifa eigin tekjum vistmannsins sem stafa af fjármagnstekjum sem leystar hafa verið út í einu lagi á allt að 10 ár. Ekki er heimilt að dreifa slíkum tekjum oftar en einu sinni á hverju tímabili.

4. gr.

Lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar og bætur honum tengdar til vistmanna sem eru á dvalarheimilum aldraðra sem ekki eru á föstum fjárlögum fellur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar. Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að víkja frá tímamörkum þessum ef sérstaklega stendur á og gildir reglugerð nr. 357/2005, um heimild Tryggingastofnunar ríkisins til að framlengja bótagreiðslur þrátt fyrir dvöl á sjúkrahúsi eða stofnun fyrir aldraða, um heimild þessa.

Hafi vistmaður engar tekjur, sbr. 3. gr., skal Tryggingastofnun ríkisins greiða dvalarheimilinu vistunarframlag skv. 6. mgr. 43-48. gr. laga nr. 117/100/1993/2007 um almannatryggingar til greiðslu dvalarkostnaðar hans á stofnuninni. Vistunarframlagið skal nema fjárhæð lífeyris vistmanns og bótum tengdum honum og því sem á vantar dvalarkostnað eins og hann er ákveðinn fyrir dvalarheimili af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ráðherra skv. 39-5. mgr. 48. gr. laga nr. 117/100/1993/2007 um almannatryggingar, sbr. þó 5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal annast framkvæmd útreiknings á tekjum samkvæmt þessari grein og 3. og 5. gr. og greiðir dvalarheimilum fyrir aldraða vistunarframlag. Reglugerð nr. 939/598/2003/2009, um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags, frá með Tryggingastofnun síðari ríkisins breytingu, gildir um framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins.

5. gr.

Nú hefur vistmaður á dvalarheimili fyrir aldraða tekjur, sbr. 3. gr., sem að frádregnum staðgreiðsluskatti (miðað við hámarksútsvar) eru hærri en 53.119.65.005 kr. á mánuði og skal hann þá með þeim tekjum sem umfram eru taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á dvalarheimili fyrir aldraða frá þeim tíma sem greiðslur bóta frá Tryggingastofnun ríkisins falla niður, sbr. 4. gr. Þó skal greiðslubátttaka hans í hverjum mánuði aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur daggjöldum á dvalarheimili eins og þau eru ákveðin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ráðherra, sbr. 2. gr.

Pegar nýr vistmaður kemur til dvalar á dvalarheimili aldraðra skulu stjórnendur stofnunarinnar óska eftir því við Tryggingastofnun ríkisins að hún kanni hvort viðkomandi skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar.

Nú á vistmaður maka og fer þá um skiptingu tekna vistmanns og makans skv. 3. gr. Séu tekjurnar eftir skiptinguna hærri en tekjuviðmiðið í 1. mgr. skal vistmaður standa straum af dvalarkostnaði með þeim tekjum sem umfram eru.

Tekjumörk skv. 1. mgr. breytast í samræmi við breytingar á tekjumörkum ellilífeyris skv. 11-17. gr. laga nr. 117/100/1993/2007, um almannatryggingar.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða vistmanni á dvalarheimili fyrir aldraða vasapeninga skv. 8. mgr. 43-48. gr. laga nr. 117/100/1993/2007 um almannatryggingar þegar lífeyrir og bætur honum tengdar falla niður.

7. gr.

Dvalarheimili fyrir aldraða skal innheimta hjá vistmanni sjálfum í byrjun hvers mánaðar daglegan hlut hans í dvalarkostnaði nýliðs mánaðar þegar hann tekur þátt í greiðslu dvalarkostnaðar skv. 5. gr. Þess skal ætíð gætt að vistmaður haldi eftir mánaðarlegu ráðstöfunarfé skv. 5. gr. Dvalarheimili fyrir aldraða skal gera Tryggingastofnun ríkisins grein fyrir innheimtu vegna nýliðs mánaðar fyrir 15. dag næsta mánaðar. Nú varð tekst dvalarheimilis stofnunar þessa ekki innheimta að innheimta hlut vistmanns í dvalarkostnaði og er Tryggingastofnun ríkisins þá heimilt að halda eftir samsvarandi hluta af mánaðarlegum greiðslum vistunarframlags, sbr. 4. gr., til viðkomandi dvalarheimilis stofnunar.

III. KAFLI

Greiðsla dvalarkostnaðar á hjúkrunarheimilum.

8. gr.

Lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar og bætur honum tengdar til vistmanns sem dvelur á hjúkrunarheimili, sem ekki er á föstum fjárlögum, fellur niður ef vistmaður dvelst lengur en í mánuð samfelldt á heimilinu ef vistin hefur varað lengur en sex mánuði undanfarna tólf mánuði. Ef ljóst er frá upphafi að um varanlega dvöl á hjúkrunarheimili er að ræða falla bætur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar. Heimilt er þó að víkja frá tímamörkum þessum ef sérstaklega stendur á og gildir reglugerð nr. 357/2005, um heimild Tryggingastofnunar ríkisins til að framlengja bótagreiðslur þrátt fyrir dvöl á sjúkrahúsi eða stofnun fyrir aldraða, um heimild þessa.

9. gr.

Vistmaður á hjúkrunarheimili fyrir aldraða, sbr. 8. gr., skal taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á hjúkrunarheimilinu. Um þátttöku vistmanns í greiðslu dvalarkostnaðar fer skv. 5. gr., sbr. 3. gr. Hafi vistmaður engar tekjur skulu daggjöld skv. 2. gr. standa straum af dvalarkostnaði hans.

10. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða vistmanni á hjúkrunarheimili vasapeninga skv. 8. mgr. 43 48. gr. laga nr. 117 100/1993 2007 um almannatryggingar, þegar lífeyrir og bætur honum tengdar falla niður.

11. gr.

Hjúkrunarheimili, sbr. 8. gr., skal innheimta hjá vistmanni í byrjun hvers mánaðar daglegan hlut hans í dvalarkostnaði nýliðins mánaðar þegar hann tekur þátt í greiðslu dvalarkostnaðar skv. 9. gr. Þess skal ætíð gætt að vistmaður haldi eftir mánaðarlegu ráðstöfunarfé skv. 1. mgr. 5. gr. Hjúkrunarheimili skal gera Tryggingastofnun ríkisins grein fyrir innheimtu vegna nýliðins mánaðar fyrir 15. dag næsta mánaðar. Nú ~~vanræktir~~ ~~tekstur~~ ~~hjúkrunarheimili~~ ~~stofnun~~ ~~þessa~~ ~~ekki~~ ~~innheimta~~ ~~að~~ ~~innheimta~~ ~~hlut~~ ~~vistmanns~~ ~~í~~ ~~dvalarkostnaði~~ og er Tryggingastofnun ríkisins þá heimilt að halda eftir samsvarandi hluta af mánaðarlegum greiðslum ~~daggjalda~~ ~~vistunarframlags~~ ~~sbr. til 2. viðkomandi~~ ~~gr~~ ~~stofnunar~~.

IV. KAFLI

Greiðsla dvalarkostnaðar í hjúkrunarrými á stofnunum sem reknar eru með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

12. gr.

Lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar og bætur honum tengdar til vistmanns sem dvelur í hjúkrunarrými á stofnun sem rekin er með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni fellur niður ef vistmaður dvelst lengur en í mánuð samfelldt í hjúkrunarrýminu ef vistin hefur varað lengur en sex mánuði undanfarna tólf mánuði. Ef ljóst er frá upphafi að um varanlega dvöl í hjúkrunarrými öldrunarstofnunar er að ræða falla bætur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar. Heimilt er þó að víkja frá tímamörkum þessum ef sérstaklega stendur á og gildir reglugerð nr. 357/2005, um heimild Tryggingastofnunar ríkisins til að framlengja bótagreiðslur þrátt fyrir dvöl á sjúkrahúsi eða stofnun fyrir aldraða, um heimild þessa.

13. gr.

Vistmaður sem dvelur í hjúkrunarrými á stofnun, sbr. 12. gr., skal taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnuninni. Um þátttöku vistmanns í greiðslu dvalarkostnaðar fer skv. 5. gr., sbr. 3. gr. Hafi vistmaður engar tekjur skulu daggjöld skv. 2. gr. standa straum af dvalarkostnaði hans.

14. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða vistmanni sem dvelur í hjúkrunarrými á stofnun, sbr. 12. gr., vasapeninga skv. 8. mgr. 43 48. gr. laga nr. 117 100/1993 2007 um almannatryggingar, þegar lífeyrir og bætur honum tengdar falla niður.

15. gr.

Stofnun, sbr. 12. gr., skal innheimta hjá vistmanni sjálfum í byrjun hvers mánaðar hlut hans í dvalarkostnaði nýliðins mánaðar þegar hann tekur þátt í greiðslu dvalarkostnaðar skv. 13. gr. Tekjur þessar skulu færast í bókhald stofnunar sem sértekjur. Fjármálaráðuneyti er heimilt samkvæmt upplýsingum frá ~~heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti~~ **velferðarráðuneyti** að halda eftir af beinum fjárframlögum samkvæmt fjárlögum upphæð sem svarar til þessara sértekna.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, öðlast gildi 1. janúar 2007. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 47/1990 um stofnanabjónustu fyrir aldraða.

~~- Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 21. desember 2006. -~~

~~- Siv Friðleifsdóttir. -~~

~~- Davíð Á. Gunnarsson. -~~

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.